

Verklagsreglur um framkvæmd og samþykki viðauka við fjárhagsáætlun hjá Hveragerðisbæ.

1. gr.

Tilgangur

Fjárhagsáætlun hvers árs er bindandi ákvörðun bæjarstjórnar Hveragerðisbæjar um fjárheimild ársins. Tilgangur þessara verklagsreglna er að stuðla að samræmdum vinnubrögðum við gerð viðauka við fjárhagsáætlun Hveragerðisbæjar.

2. gr.

Meginforsendur og ábyrgð

Leita skal fyrirfram samþykkis bæjarstjórnar Hveragerðisbæjar vegna útgjalda og fjárfestingar umfram gildandi fjárhagsáætlunar. Bæjarstjóri, deildastjórar og forstöðumenn hjá Hveragerðisbæ bera ábyrgð á að halda fjárhagsáætlun ársins innan fjárheimildar.

Viðauka við fjárhagsáætlun skal ekki samþykkja í þeim tilgangi að leiðrétta fjárhagsáætlun, útgjöld í rekstri eða fjárfestingar, sem þegar hefur verið stofnað til.

Ekki er heimilt að samþykkja ný útgjöld í rekstri eða til fjárfestingar, sem ekki er gert ráð fyrir í gildandi fjárhagsáætlun, nema jafnhliða sé samþykktur viðauki við fjárhagsáætlun Hveragerðisbæjar.

Alltaf skal leitast við að finna svigrúm innan fjárheimildar viðkomandi deildar/málaflokks sem ráðstöfunin snertir áður en óskað er eftir gerð viðauka.

Forsenda samþykktar á viðauka við fjárhagsáætlun er að fram komi hvernig hin nýju útgjöld verði fjármögnuð. Ef ákvörðun kallar á færslu milli rekstrarliða þarf að liggja skýrt fyrir um hvaða liði fjárhagsáætlunar um ræðir svo bóka megir um það í viðauka.

3. gr.

Framkvæmd

Ferill framkvæmdar er eftirfarandi.

1. Forstöðumenn/deildastjórar fylla út eyðublað sem heitir „Tillaga að viðauka við fjárhagsáætlun“ þar sem sett er upphæð beiðninnar, ástæða og rökstuðningur.
2. Bæjarstjóri / skrifstofustjóri fara yfir útfærslu á því hvernig auknum útgjöldum eða tekjulækkun skuli mætt.
3. Ef útfærslan er milli rekstrarliða og breytir ekki sjóðsstreymi eða efnahag er tillagan með útfærslu lögð fyrir bæjarráð / bæjarstjórn.
4. Ef útfærslan kallar á breytingu á sjóðsstreymi eða efnahag er tillagan færð inn í áætlunarlíkan og með tillögunni fer nýtt rekstraryfirlit, efnahagur og sjóðsstreymi til bæjaráðs/bæjarstjórnar (ábyrgðaraðili skrifstofustjóri).
5. Ef tillagan er samþykkt í bæjarstjórn er skrifstofustjóri send tilkynning um það (ábyrgðaraðili bæjarritari) og tillagan sett inn í bókhald og áætlanalíkan.
6. Viðauka við fjárhagsáætlun skal senda Hagstofunni innan 15 daga frá samþykki bæjarstjórnar (ábyrgðaraðili skrifstofustjóri).

Til hliðsjónar við gerð verklagsreglna þessara voru hafðar leiðbeinandi verklagsreglur vegna viðauka fjárhagsáætlunar sem gefnar voru út af innviðaráðuneytinu 9. nóvember 2018.

Samþykkt á fundi bæjarstjórnar Hveragerðisbæjar 10. apríl 2025.

Pétur G. Markan, bæjarstjóri.